

59. fundur íþróttar- og tómstundanefndar Skaftárhrepps, haldinn þann 17. ágúst 2014, kl. 19.30 á hreppskrifstofunni.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu: Kristín Lárusdóttir (formaður), Bjarni Bjarnason, Rannveig Ólafsdóttir varamaður Arnhildar Helgadóttur, Jóhann Gunnar Böðvarsson æskulýðs og íþróttafulltrúi og Sigmar Helgason umsjónamaður íþróttahúss.

Rannveig ritar fundargerð.

Dagskrá:

1) Styrkir til íþróttafélaga

100.000 kr styrkur frá Skaftárhrepp rennur til Ungmennafélaganna Skafta og Ármann sem verður nýttur í sameiginlegar íþróttæfingar í vetur. Í lok verkefnisins þarf að skila inn skýrslu um hvað styrkurinn var nýttur í.

2) Söngvakeppni USSS

Jói greinir frá því að söngvakeppni félagsmiðstöðva Suðurlands verður haldin 16. janúar í íþróttamiðstöðinni á Klaustri og það verður haldið glæsilegt dansiball á eftir fyrir 8-10 bekk. Krakkar í sjöunda bekk myndu sjá um sjoppuna þar sem verður pizza, gos og nammi í boði. Jói hefur haft samband við hljóðkerfi á Selfossi og sviðsuppsetningu. Líklega þarf ekki að setja neitt hámark í fjölda þar sem húsið ætti að ráða við þetta. Þó verður að setja ákveðnar umgengisreglur í húsinu. Brian hefur tekið að sér að aðstoða krakkana við æfingar og slíkt. Jói er búinn að tala við nokkrar hljómsveitir og málin í vinnslu. Félagsmiðstöðin óskar eftir að greiða ekki fyrir leiguna á íþróttahúsinu en formsins vegna þarf nefndin að skrifa bréf til sveitarstjórnar þess vegna.

3) Málefni íþróttamiðstöðvar

Sigmar greinir frá aðsókn í íþróttamiðstöðina. Umtalsverð aukning hefur verið í sundlauginna frá því á síðasta ári. Athyglisverðast í þessu er aukningin á fyrri hluta ársins, yfir vetrartímann og það sama á við um íþróttamiðstöðina. Júlí er langstærsti mánuðurinn í helgaraðsókn sundlaugarinnar og svo virðist sem vikudagarnir séu mjög svipaðir í aðsókn. Notkunin á tækjasal er nokkuð jöfn og hefur verið síðastliðin tvö ár. Aukning er í helgaraðsókn í tækjasal. Heildarfjöldi gesta í íþróttamiðstöðinni janúar til ágúst er kominn í rúm 17 þúsund gesta miðað við allt árið í fyrra sem var rétt um 15 þúsund gestir. Breytingin gæti verið fólgin í stöðugri opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar.

Nú í ár verður íþróttamiðstöðin 10 ára, þann 9. október næstkomandi, og gaman væri að halda upp á stórafmæli hússins.

4) Fundartími

Fundartími er ákveðinn þriðja miðvikudag innan hvers mánaðar nema að eitthvað sérstakt komi upp á í millitíðinni sem krefst þess að þurfi að hittast og ræða.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 20.30.


Kristín Lárusdóttir


Bjarni Bjarnason


Rannveig Ólafsdóttir


Jóhann Gunnar Böðvarsson


Sigmar Helgason

Sveitarstjórn Skaftárhrepps

17. september 2014

Íþrótt- og æskulýðsnefnd Skaftárhrepps fer fram á við Skaftárhrepp að Félagsmiðstöðin Klaustrið fái íþróttahúsið án endurgjalds vegna Söngvakeppni USSS og dansleiks þann 16. janúar 2015.

Fyrir hönd Íþrótt- og æskulýðsnefndar Skaftárhrepps

A handwritten signature in blue ink, reading "Kristín Lárusdóttir". The signature is written in a cursive style and is underlined.

Kristín Lárusdóttir